

## Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um hlutafélög og einkahlutafélög.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar voru skráð á árunum 1998, 1999 og 2000 (til 1. október), sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?
2. Hver var fjölgun hlutafélaga annars vegar og einkahlutafélaga hins vegar á þessum árum sem hlutfall af heildarfjölda þeirra, sundurliðað eftir árum og starfsgreinum?
3. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta stofnað einkahlutafélög hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum?
4. Telur ráðherra rétt með tilliti til reynslunnar af einkahlutafélögum að breyta skilyrðum til stofnunar einkahlutafélaga og ef svo er, hvaða leið telur ráðherra rétt að fara í því efni?

Skriflegt svar óskast.